

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vopnafjarðarhreppur Búðaröxl



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	25.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsd.
Heimili	Hamrahlíð 15	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Oddur Pétur Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik voru staðfest við eftirlit varðandi verklag, umgengni, endurnotkun og endurnýtingu úrgangs og skort á umhverfismarkmiði.

Ein athugasemd var gerð í kjölfar eftirlits er varðar geymslu efna á urðunarsvæðinu.

Ekki hefur verið að fullu lokið við framkvæmdir til að aðlaga urðunarstaðinn kröfum starfsleyfis sem var gefið út 16. desember 2015. Sveitarfélagið lagði fram úrbótaáætlun í kjölfar eftirlits 2016 sem Umhverfisstofnun samþykkti, þó með þrengri tímafrestum en sveitarfélagið óskaði eftir. Þeim úrbótum er að mestu leiti lokið en enn á eftir að koma fyrir hreinsivirki og skal því lokið fyrir 1. ágúst 2019.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmenn voru Dröfn Svanbjörnsdóttir og Helga Hreinsdóttir.

Við aðkomu var hlið læst en skilti var ólæsilegt. Girðing um svæðið virtist í góðu ásigkomulagi.

Skv. fulltrúa sveitarfélagsins er ekki urðað daglega.

Farið var um urðunarstaðinn og ástand urðunarreina og yfirbragðs staðarins skoðað. Urðunarreinar voru þrjár, þ.e. fyrir lífrænan úrgang, heimilisúrgang og grófan úrgang. Úrgangur var sýnilegur í öllum reinum. Greinileg ummerki voru um vargfugl (mávum og hröfnum) við gryfjuna fyrir lífræna úrganginn og mikið um drit. Þekja úrgangs var ófullnægjandi.

Talsvert af regnvatni stóð í urðunarrein fyrir heimilisúrgang.

Í urðunarrein fyrir grófan úrgang mátti finna plast og málm. Einnig við gryfjuna voru gamlir ryðgaðir olúgeymar í eigu N1.

Á urðunarsvæðinu er stór gámur fyrir brotajárn en nokkuð var um málmhluti í kringum gáminn. Á urðunarsvæðinu mátti einnig finna steypufleka o.fl. í geymslu.

Við skoðun mátti sjá laust fokefni á yfirborði lands en þó einkum í skurðum og gryfjum.

Við skoðun var búið að grafa frárennisskurði og setja niður sýnatökubrunna skv. samþykkt úrbótaáætlun dags. 8.5.2017. Ekki var búið að koma fyrir hreinsivirki, þ.e. olíuskilju með sýnatökubrunni, en því skal vera lokið fyrir 1. ágúst 2019 skv. samþykkt úrbótaáætlun.

Frárennissýni voru tekin þann 25.9.2018 úr sýnatökubrunnum fyrir neðan urðunarstaðinn og í Skógalóni skv. samkomulagi sveitarfélagsins og HAUST. Brunnur fyrir ofan svæðið var þurr og því ekki hægt að taka sýni úr honum. Skýrsla með niðurstöðum sýnatöku hefur verið send til Umhverfisstofnunar með tölvupósti dags. 15.10.2018.

Rekstrarhandbók var til staðar fyrir urðunarstaðinn. Staðfest með tölvupósti dags. 28.5.2018 til HAUST. Auk upplýsinga um urðunarsvæði Vopnafjarðar og úrgangsflokka var einnig til staðar viðbragðs- og neyðaráætlun fyrir urðunarstaðinn, sbr. gr. 1.5 og 2.4 í starfsleyfi sveitarfélagsins fyrir urðunarstaðinn.

Skráningum fyrir undangengið almanaksár skv. gr. 5.1 í starfsleyfi urðunarsvæðis Vopnafjarðarhrepps hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar. Staðfest með tölvupósti dags. 8.5.2018 til HAUST.

Urðunarstaðurinn er í afskekktu byggð og skv. starfsleyfi Vopnafjarðahrepps fyrir urðunarsvæðið er undanþága frá þremur kröfum í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, þ.e. undanþága um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu, sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi, undanþága um söfnun sigvatns með drenlögnum í botni urðunarreina, sbr. gr. 3.3. í starfsleyfi, og undanþága um söfnun hauggass og eftirlit með hauggasi, sbr. gr. 3.4 í starfsleyfi.

Frávik frá

gr. 1.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Á urðunarsvæðinu var nokkuð um málmhluti. Þessa hluti skal flytja af

urðunarsvæðinu og koma til endurvinnslu eða rúmast ofan í gámi sem sérstaklega er ætlaður fyrir brotamálm. Heimilt er að geyma brotamálm á svæðinu en það magn sem geymt er skal rúmast ofan í einum gámi og skal magnið yfir árið ekki vera meira en 26 tonn. Ath. að málmar eiga ekki að vera í langtímageymslu á urðunarsvæðinu

gr. 2.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkið og starfa samkvæmt þeim. Ekki er vitað til þess að sveitarfélagið hafi sett sér umhverfismarkmið en þau hefðu átt að liggja fyrir 1. mars 2016.

gr. 2.9 í starfsleyfi

Hreinsa þarf burt plast, málma o.fl. úr urðunarrein fyrir grófan úrgang og koma því til endurvinnslu. Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er.

gr. 4.3 í starfsleyfi

Þekja úrgangs var ófullnægjandi. Úrgangur var sýnilegur í öllum reinum. Ummerki voru um vargfugl og fok úrgangsefna mátti finna um urðunarstaðinn.

Ath. að úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarhólf skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið vera að lágmarki 15 cm að þykkt. Samskonar frávik var staðfest í eftirliti 2016 og 2017.

ÁBENDINGAR

Athugið að urðunarstaðurinn er ekki ætlaður til geymslu. Steypuflekar, timbur o.p.h. skal urða. Málmar sem ekki komast ofan í brotajárnsgáminn skal fjarlægja af svæðinu og koma til endurvinnslu.

19.11.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir